

Kynningarbréf Trausta Gylfasonar til 77 íþróttapings ÍSÍ

Kæra fólk á íþróttapingi ÍSÍ

Ég hef áhuga á að bjóða mig fram í framkvæmdastjórn ÍSÍ þar sem ég hef mikinn áhuga á framþróun hverskyns íþróttastarfsemi. Ég hef bæði áhuga á afrekss Stefnu íþróttar og ekki síst íþróttum almennings í landinu. Ég hef verið virkur sjálfboðaliði í íþróttahreyfingunni á Akranesi síðan 1993.

Persónulegir hagir

Ég er sextugur, fæddur og uppalinn í Mosfellssveit/-bæ til 24 ára aldurs er ég flutti til Danmerkur til náms í Óðinsvéum. Frá árinu 1992 hef ég og fjölskylda mín átt heima á Akranesi þar sem við höfum búið við leik og störf. Í dag starfa ég sem deildastjóri og kennari við rafiðanaðardeild Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi. Ég er kvæntur Sigríði Ragnarsdóttur stærðfræðikennara og eigum við þrjú börn á aldrinum 24 – 32 ára.

Ég hef gaman af að vinna með fólki og gengur vel að sætta ólík sjónarmið. Ég á auðvelt með að koma fram, nýt þess að takast á við krefjandi áskoranir og er fær í að skilja kjarnann frá hisminu.

Áhugamál mín eru allskyns útivera, skíðamennska, veiði, sagnfræði, fólk og mannleg samskipti.

Íþróttahreyfingin

Sem barn og unglingur kynntist ég nokkrum íþróttagreinum og var virkur í t.d. frjálsum íþróttum, dansi, skíðum o.fl. Á fullorðinsaldri átti badminton hug minn allan og er ég flutti á Akranes þá hófst vegferð mín í stjórnnum íþróttar á Akranesi sem hefur verið nánast óslitin frá árinu 1993.

Ég er faðir þriggja einstaklinga sem öll syntu í afrekshópum Sundfélags Akraness á Íslandsmeistaramótum og mótum erlendis. Tvö þeirra syntu sig inn í landsliðshópa og kepptu fyrir Íslands hönd.

Á Akranesi var ég stjórnarmaður í Badmintonfélagi Akraness á árunum 1993 – 1998, stjórnarmaður í Sundfélagi Akraness frá 2003 – 2012 og formaður félagsins 2012 – 2019. Sat í stjórn Íþróttabandalags Akraness frá 2020 – 2025 sem meðstjórnandi og síðast sem varamaður.

Ég hef starfað mikið innan Sundsambands Íslands, SSÍ. Hef í gegnum tíðina verið í ýmsum störfum og nefndum, s.s. sem dómari og síðar yfirdómari á ýmsum sundmótum. Ég hef verið mótstjóri á fjölmörgum Íslandsmeistaramótum. og var annar tveggja mótstjóra sundmóts Smáþjóðaleikanna sem fram fóru í Reykjavík 2015. Ég starfaði einnig í mörg ár í Mannvirkjanefnd SSÍ þar sem reynt var að ýta við sveitastjórnnum um bættu sundaðstöðu.

Yfirlit yfir önnur félags-, nefndar- og stjórnarstörf

Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands á vegum SSV (Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi)

Meðdómari hjá Héraðsdómi Reykjavíkur í dómsmálum tengdum öryggismálum

Stjórnarmaður Heilbrigðiseftirlits Vesturlands f.h. atvinnurekenda frá 2012

Foreldrafulltrúi í árgöngum barna minna í Grundaskóla á Akranesi á árunum 1998 – 2008

Formaður byggingarnefndar leikskólans Teigasels á Akranesi 1996 – 1998

Gjaldkeri í BÍSN (Bandalag íslenskra sérskólanema) 1988 – 1989

Meðstjórnandi í Iðnnemasambandi Íslands 1985 – 1986

Tungumálakunnátta

Íslenska er mjög góð

Dönskukunnátta er góð, bæði í ritun og tali frá því ég var námsmaður í Danmörku 1989-1992

Ensukunnátta er mjög góð, bæði í ritun og tali. Ég hef sinnt verkefnum á vegum Norðuráls í USA